

Uppúr skúffunum 2005



Kristín Ingólfssdóttir, rektor, afhenti 9. desember Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands við hátíðlega athöfn í Tæknigarði. Veitt voru verðlaun til þriggja bestu verkefnanna sem koma fram í samkeppninni Uppúr Skúffunum, sem er samstarfsverkefni Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, Tæknigarðs, rektors Háskóla Íslands og A&P Árnasonar einkaleyfastofu. Megintilgangur verkefnisins er að draga fram í dagsljósið ýmsar hugmyndir sem starfsmenn og nemendur Háskóla Íslands og Landspítala-háskólaskjúkrahúss eru að vinna að.

Uppúr skúffunum var nú haldin í sjöunda sinn. Í máli háskólarektors kom fram að unnið hefur verið með mörg þeirra verkefna sem hafa verið verðlaunuð. Fimm af sex hugmyndum sem hafa fengið fyrstu verlaun hafa fundið sér farveg í sprotafyrirtækjum og af þeim eru þrjú sprotafyrirtæki sem hægt er að binda talsverðar vonir við. Rektor gat þess að þau sprotafyrirtæki sem stofnuð hafa verið síðustu árin hafa látið Háskóla Íslands fá nokkurn eignarhlut, sem viðurkenningu á því framlagi sem aðstaða og allt umhverfi hefur lagt af mörkum til að gera hugmynd að veruleika.

„Hugur og heilsa” sigurvegari 2005

Sigurvegari að þessu sinni er Eiríkur Örn Arnarson, dósent í sálfræði við læknadeild HÍ sem er höfundur þessa verkefnis. Tilgangur verkefnisins er þróa heildrænt kerfi sem auðveldar starfsfólki í félags-, skóla og heilbrigðisgeiranum að veita ungu fólki markvissa aðstoð til að koma í veg fyrir þunglyndi. Það er gert með því að meta áhættuþætti og veita ráðgjöf varðandi þá þau viðhorf og venjur sem síðar á lífsleiðinni geta leitt til þunglyndis.

Þunglyndi er alvarlegt vandamál. Talið er að um helmingur ungmenna sem greinast með mörg einkenni þunglyndis á aldrinum 14-15 ára fái sitt fyrsta þunglyndiskast fyrir tvítugt. Neikvæður þankagangur sem einkennir þunglyndi er talinn mótast á táningsaldri. Verkefnið styðst við aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar (HAM) í meðferð þunglyndis og er sjónum beint að viðbrögðum ungmenna við vandamálum. Námsefni sem hefur verið þróað miðar að því að kenna unglingum að taka á niðurrifshugsunum og neikvæðum skýringarstíl; með því að hafa áhrif á hugsun og hegðun og þannig sé hægt að breyta líðan. Félagsfærni er þjálfuð og úrlausn vandamála kennd. Um hópstarf er að ræða, ungmennin vinna saman, fá fræðslu og leiðbeiningar.

Aðferðafræðin og námsefnið hefur verið þróað og prófað með góðum árangri. Eftirfylgni með þeim sem setið hafa námskeið hefur sýnt að einungis 4,5% þeirra hafa þróað með sér mörg einkenni þunglyndis, en til samanburðar hafa um 19,5% þeirra sem ekki hafa setið námskeið þróað með sér þessi einkenni þunglyndis.

Verkefnið felur þannig í sér markmið sem beinast að auknum skilningi á eðli og meðferð þunglyndis og þar með betri árangri í þunglyndisvörnum og hins vegar tækifærum til atvinnuuppbyggingar sem byggir á sölu á kerfinu sem gæti nýst fagfólki víðs vegar um heim.

„Icelandic On-line 2” í 2. sæti

Í 2. sæti varð verkefnið „Icelandic On-line 2”, en aðstandendur þess eru Birna Arnbjörnsdóttir, Kolbrún Friðriksdóttir, Áki G. Karlsson og fleiri, frá Hugvísindastofnun Háskóla Íslands. Icelandic On-line er gagnvirkt og samfellt íslenskunámskeið á Netinu sem byggist á nýjustu rannsóknum í kennslufræði varðandi erlend tungumál. Einnig byggir það á áralangri reynslu af kennslu íslensku sem annað tungumál við Háskóla Íslands. Beitt er

nýjustu tæknilausnum til að kenna tungumálið og þjálfra helstu færniþætti málsins. Með kennslukerfinu hafa verið þróaðir stuðningsmiðlar (málfræðigrunnur, rafræn orðabók o.fl.)

Icelandic On-line er þróað á vegum Háskóla Íslands í samstarfi Stofnunar Sigurðar Nordals, íslenskukorara Háskóla Íslands, Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands, fimm evrópskra háskóla og háskólans í Wisconsin í Bandaríkjunum.

„Samspil gæðapátta, fasteignaverðs og verðbólgu” í 3. sæti

Í 3. sæti er verkefnið „Samspil gæðapátta, fasteignaverðs og verðbólgu”, lagt fram af Ásdísi Kristjánsdóttur og Ásgeiri Jónssyni. Nákvæmni við mælingar á vísitölu neysluverðs skiptar gríðarmiklu máli þar sem flest íslensk lán eru verðtryggð og Seðlabanki Íslands hefur sérstakt tölulegt verðbólguþáttmarkmið sem miðast við vísitölu neysluverðs. Niðurstöður umfangsmikilla rannsókna á fasteignamarkaðnum Reykjavík og tölfræðigreiningar á 16.000 kaupsamningum í meistararitgerð Ásdísar Kristjánsdóttur sem unnin var undir leiðsögn Dr. Ásgeirs Jónssonar benda til þess að hugsanlega séu núverandi viðmið ekki nægjanlega góð. En ljóst er að skekkja í mælingum getur leitt af sér milljarðatap fyrir heimilin í landinu vegna ofáttaðra verðtrygginga.

Niðurstöður verkefnisins eru afar hagnýtar og munu væntanlega leiða til meiri nákvæmni í verðbólguþáttmælingum hérlendis sem ættu að nýtast þeim aðilum sem með málið fara, s.s. Hagstofu Íslands og Seðlabankanum.